

Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

08. tbl. • Ágúst 2003

Uppsveifla í iðnaði en hátt gengi krónunnar þungbært

Könnun SI á stöðu og horfum í iðnaði

ATVINNUGREIN	FJÖLDI FYRIRTÆKJA	ÁHRIF HÁGENGIS* (1 - 5)		AUKNING VELTU %		VÖXTUR FJÁRFESTINGA %		BERYTING Á FJÖLDA STARFSMANNA %	
		2003	2004	2003	2004	2003	2004	(des 02 (jún 03 - jún 03) - sep 03)	
Lyf og hátækni	6	4,7	10,1	10,0	-17,3	22,2	-0,2	-1,3	
Plast og veiðafæri	6	4,3	11,8	1,9	77,5	-38,8	4,7	-1,7	
Málm- og skipasmíðar	15	4,2	3,0	9,09	10,0	4,2	2,2	0,0	
Upplýsingatækni	13	3,5	5,2	13,7	2,3	-0,9	-5,0	0,1	
Byggingar og málning	12	3,4	-6,3	23,7	-8,8	22,4	17,2	4,7	
Matvæli- og drykkir	10	2,7	6,3	3,4	11,4	-29,9	-0,7	-0,5	
Prent og pappír	12	2,7	-2,6	4,4	139,1	26,7	-0,9	-0,9	
Jarðvinna	11	2,5	7,8	13,7	19,3	11,4	30,6	3,9	
Heild**	85	3,6	4,1	10,4	23,3	7,0	4,8	-0,7	

*) Áhrif hágensis krónu á afkomu: 1 = Mjög jákvæð, 2 = Jákvæð, 3 = Lítil, 4 = Neikvæð, 5 = Mjög neikvæð

**) Vegið meðaltal fyrir gengisáhrif, veltu-, fjárfestingar- og starfsmannabreytingu.

Könnunin var framkvæmd 3. - 16. júní 2003

Samtök iðnaðarins gerðu könnun á stöðu og horfum í iðnaði í júní. Könnunin náði til 85 meðalstórra og stórra fyrirtækja í hinum ýmsu greinum iðnaðar með samtals um 6,500 starfsmenn. Sérstaklega var spurt um áhrif hins háa gengis krónunnar á afkomu iðnfyrirtækja í ár. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Áhrifin af háu gengi krónunnar á afkomu iðnfyrirtækja eru á heildina lítið neikvæð en mismikil eftir greinum og stærð fyrirtækjanna. Neikvæðust eru áhrifin í lyfjum og hátækni, plasti og veiðafæragerð og málm- og skipasmíðum vegna lakari samkeppnisstöðu á alþjóðlegum markaði. Mörg fyrirtæki í jarðvinnu, prenti, pappír, matvælum og drykkjaframleiðslu njóta hins vegar góðs af háu gengi sem léttir afborganir af erlendum lánum og lækkar inn-

kaupsverð á erlendum varningi. Þó skiptast í tvö horn lítil og stór verktakafyrirtæki en þau síðarnefndu eru í alþjóðlegri samkeppni og telja hágengið þyngjandi. Ef gengið lækkar á ný munu áhrifin snúast við.

Áætlað er að velta í iðnaði aukist um fjögur prósent í ár og yfir tíu prósent á næsta ári. Að raunvirði nemur aukningin tveim prósentum í ár og átta prósentum á næsta ári.

Áætlað er að fjárfesting aukist yfir tuttugu prósent í ár en sjö prósent á næsta ári. Að raunvirði nemur aukningin tuttugu og einu prósent í ár og fimm prósentum á næsta ári. Mikil aukning í fjárfestingum í plasti og veiðafæragerð, prenti og pappír, skýrir mestan hluta aukningarinnar í ár.

Á fyrri hluta ársins hefur starfsmönnum fjölgað um tæp fimm prósent en áætlað er að hluti þeirrar fjölgunnar gangi til baka

með haustinu. Tvær greinar, bygginga- starfsemi og jarðvinna, skýra mestan hluta fjölgunar starfsmanna en samdrátturinn framundan tengist fyrirtækjum í lyfjum og hátækni, plasti og veiðafæragerð.

Ítarlegri upplýsingar er að finna í meðfylgjandi töflu.

Þorsteinn Þorgeirsson

ut.is

Norrænn vinnufundur um þekkingarmat UT-fyrirtækja

Dagana 5.-6. september nk. verður haldinn hér á landi norrænn vinnufundur um þekkingarmat eða óefnislegar eignir UT-fyrirtækja.

Samtök hugbúnaðarfyrirtækja á öllum Norðurlöndum taka þátt í að móta verkefni sem miðar að því að samræma vísbendingar og kennistærðir þekkingarverðmæta UT-fyrirtækja. Á fundinum verða fulltrúar frá áður-nefndum samtökum auk fulltrúa úr norrænum UT-fyrirtækjum. Fundurinn er liður í forverkefni sem Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkir.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ásmundsson hjá Samtökum iðnaðarins.

Samkeppnismál í brennidepli

Á þessu sumri má segja að kastljós fjölmiðla hafi mjög beinst að samkeppnismálum eða öllu heldur skorti á samkeppni. Annars vegar er það meint samráð olíufélaganna en hins vegar nýleg hækkun á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Einkennileg verðþróun

Í bréfi sem Samtök iðnaðarins rituðu iðnaðarráðherra 7. nóvember 2001 var á það bent að verð á gasolíu á heimsmarkaði hefði lækkað mikið undanfarna mánuði en á sama tíma hefði verð á gasolíu á Íslandi einungis lækkað óverulega. Verðþróun erlendis gaf engar vísbendingar sem skýrt gætu þá staðreynd að verð á gasolíu stóð í stað á þessum tíma en verð á bensíni og skipaolíu lækkaði nokkuð í kjölfar háværra mótímæla bifreiðaeigenda og útgerðarmanna. Í bréfinu var ennfremur bent á að athugun á verðmyndun olíu hér á landi hafði þá staðið í heilt ár og beðið um að þeirri athugun yrði hraðað enda miklir hagsmunir í húfi.

Ekki berjast gegn því að fyrirtækin stækki...

Samtök iðnaðarins og flest önnur samtök atvinnurekenda hafa um árabíl haldið því fram að áhersla samkeppnisyrivalda eigi fyrst og fremst að vera sú að koma í veg fyrir misbeitingu markaðsráðandi stöðu, samkeppnishindranir og samráð á fákeppnismarkaði með því að fylgjast með þeim fyrirtækjum sem þar starfa og setja þeim ákveðnar leikreglur ef þörf krefur. Að okkar mati eiga samkeppnisyrivöld t.d. ekki að banna samruna nema í algerum undantekningartilvikum. Fyrir slíku banni þarf að sýna fram á mjög sterkar líkur á því að samruni muni leiða til skaðlegrar röskunar á samkeppni. Það á með öðrum orðum ekki að ganga að því sem gefnu að öll stærri fyrirtæki með ráðandi stöðu á markaði muni misnota aðstöðu sína en slík staða kallar hins vegar á eftirlit með verðmyndun og viðskiptaháttum þessara aðila.



...en fylgjast með verðmyndun á fákeppnismarkaði

Undanfarin ár hafa samkeppnisyrivöld, að okkar mati, reynt að hamla gegn því að íslensk fyrirtæki verði of stór en lítið hlustað á kvartanir fyrirtækja og almennings vegna einkennilegrar verðþróunar og viðskiptahátta á fákeppnismörkuðum. Á það jafnt við um matvöruverslun, bankastarfsemi og olíudreifingu. Á þessu virðist nú hafa orðið tímabær breyting og má í því sambandi nefna reglur um viðskiptahætti á matvörumarkaði og rannsókn á meintu samráði olíu- og tryggingarfélaganna. Hér skal ekkert fullyrt um hvernig til hefur tekist faglega með þessar rannsóknir og enn síður hverjar niðurstöðurnar verða. Hitt er víst að hér er tekin rétt stefna, sem sé sú að koma í veg fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu og ólöglegt samráð um verðmyndun.

Ömurlegur málflytningur

Önnur frétt, sem vakið hefur athygli, er gjaldskrárhækkun Orkuveitu Reykjavíkur

sem rökstudd er með því að kostnaður vegna orkunotkunar heimila á höfuðborgarsvæðinu sé með því lægsta sem þekkist og hins vegar að OR hafi orðið af tekjum vegna hlýinda að undanfögnu. Það er að vonum að fjölmiðlar og almenningur reki upp ramakvein þegar svona málflytningur er borinn á borð. Jafnvel talsmenn einokunarfyrirtækis geta ekki leyft sér að tala svona á sama tíma og fyrirtækið er að byggja yfir sig þriggja milljarða króna höll þar sem kostnaðurinn fór þriðjung fram úr áætlun að sögn stjórnarformannsins. Ekkert var rætt um að við þessu þyrfti að bregðast með niðurskurði kostnaðar eða uppsögnum, hvað þá að gert yrði átak til þess að auka sölu og þar með tekjur. Allt væru það eðlileg viðbrögð í venjulegu fyrirtæki en OR er ekki venjulegt fyrirtæki.

Framleiðsla byggð á sérþekkingu...

Nýting jarðvarma er eitt þeirra sviða þar sem Íslendingar búa yfir tækniþekkingu umfram aðrar þjóðir. Hér er Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna og öflugt rannsóknastarf fer fram á þessu sviði. Á sjávarútvegssviðinu búum við einnig yfir slíkri þekkingu sem hefur skilað sér í framleiðslu, sölu og útflytningi á margvíslegri vöru og þjónustu.

...verður ekki til hjá einokunar-fyrirtækjum

Ekkert slíkt hefur gerst á orkusviðinu. Það er lítill áhugi hjá þeim einokunarfyrirtækjum, sem þar starfa, á að byggja upp nýja framleiðslu eða selja þjónustu á sínu sviði. Til hvers að leita leiða til að afla tekna með útflytningi vöru og þjónustu þegar hægt er að skemmta sér við að byggja upp nýjar höfuðstöðvar, fjarskiptakerfi, veitingahús á skopparakringlu og risarækjueldi? Vanti meiri peninga í slík verkefni er einfalt mál að hækka gjaldskrána. Bregðist viðskiptavinirnir við með því spara við sig hitann eða rafmagnnið eftir hækkunina þá þarf bara að hækka meira. Ekki fara þeir neitt og þeir verða fegnir að fá ljós og yl í vetur þegar kólnar og dimmir.

Sveinn Hannesson



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
08. tbl. Ágúst 2003
ISSN 1022-7741
För í prentsmiðju: 20.08.2003
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Aðildarfélög Samtaka iðnaðarins koma sér upp gæðastjórnunarkerfi

Nokkur af aðildarfélögum SI hafa á síðustu misserum lagt vinnu í að koma sér upp gæðakerfi í samvinnu við Samtökin. Þau hafa útbúið skipurit sem sýnir stjórnarform viðkomandi félags, tengsl þess við SI og tengsl hinna ýmsu nefnda við aðalfund og stjórn. Hlutverk stjórnarmanna, varanna og nefnda hefur verið skilgreint til að allir, sem koma að rekstri félaganna, þekki hlutverk sitt og skyldur og viti þar af leiðandi hvar þeir standa.



Félögin, sem hafa tekið þátt í þessu starfi, eru sum vel á veg komin með að skilgreina hlutverk sitt, marka sér markmið og semja aðgerðaáætlun til að ná markmiðum sínum.

Þau félög, sem eru komin hvað lengst í þessari vinnu, eru Félag meistara og sveina í fataiðn, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Ljósmyndarafélag Íslands, Meistarafélag í Hárgreiðslu, Úrsmiðafélag Íslands, Tannsmiðafélag Íslands, Meistarafélag Suðurlands og Landssamband Bakarameistara. Málarameistarafélag Reykjavíkur var komið vel áleiðis í svipaðri vinnu á síðasta ári og Landssamband veiðarfæra-gerða stefnir í sömu átt nú í haust.

Meðal þess, sem er skilgreint betur en



Úrsmiðir funda með starfsmönnum SI um gæðakerfi sitt

áður með tilkomu gæðakerfisins, er sú þjónusta sem SI veitir félögum. Nokkur þeirra hafa samið við skrifstofu SI um að sjá um innheimtu, bókhald og fjárhag en önnur annast slíkt að sumu eða öllu leyti sjálf. Lögd er áhersla á að ganga frá samningum við sérhvert félag og skilgreina það verklag sem samstarfið og þjónustan byggjast á. Ætlunin er að birta gæðakerfi þessara félaga á vefsetri SI nú í haust og þá ættu innviðir og starfsemi félaganna að verða mun sýnilegri og upplýsingar um félögin aðgengilegri fyrir félagsmenn en áður.

Samtökin hvetja öll aðildarfélög sín til að leggja í sambærilega vinnu í þeirri trú að ef hlutverk og vinnulag allra, sem koma að

félagsstarfinu, er vel skilgreint verði starfið léttara, skemmtilegra og markvissara og árangurinn af því verður jafnframt meiri og sýnilegri en ella.

Síðastliðið ár hafa Samtök iðnaðarins sjálf verið að byggja upp gæðastjórnunarkerfi fyrir starfsemi sína. Þeirri uppbyggingu hefur miðað vel og búið er að skilgreina helstu vinnuferla í starfsemi. Verklagsreglur í gæðakerfi SI varðandi samstarf og þjónustu við aðildarfélögin eru samræmdar samsvarandi reglum í gæðakerfum aðildarfélaganna þannig að öll samvinna og þjónusta ætti að verða hnökralaus í framtíðinni.

Ferdinand Hansen

Tapar þú fé á aukaverkum, meistari góður?

Flestir ef ekki allir málarameistarar hafa orðið fyrir því í miðju verki að upp koma aukaverk utan tilboðs sem þarf að vinna sem allra fyrst og verða að sjálfsgöðu gerð upp með lokareikningi. En þegar að því kemur hafa aðstæður oft breyst, ýmist hjá verkkaupa eða okkur meisturum, því að í stórum verkum vilja litlir hlutir oft gleymast, ekki síst á löngum tíma. Því vill oft brenna við að erfitt getur reynst að fá aukaverkin gerð upp eins og lofað hafði verið enda er minnisleysi algengt í byggingabransanum. Einnig er hætt við að meistarinn gleymi einhverju aukaverkinu.

Lausnin fundin

Málarameistarafélagið hefur nú gefið út handhæga bók með eyðublöðum í þríriti fyrir aukaverk, breytingar og frábrigði. Handbókin er byggð á hugmynd Kristjáns Aðalsteinssonar, málarameistara, og samín með aðstoð Ferdinands Hansen hjá Samtökum iðnaðarins. Mjög einfalt og fljótlegt er að fylla út eyðublað með tilheyrandi upplýsingum t.d. um aukaverk. Þar er getið um aukaverkið, hvort einhver töf verði á heildarverkinu vegna þess en það skiptir máli ef um dagsektir er að ræða. Einnig er tekið fram hvort aukaverkið skal unnið í tímavinnu og þá getið um hvaða taxa á að nota eða einingarverð. Undir

þetta rita bæði meistari og verkkaupi, eða fulltrúi hans, sem fær eitt afritið. Frumritið er svo látið fylgja reikningnum hvort sem verkið er gert upp jafnóðum eða með lokareikningi.

Tímabær breyting til batnaðar

Aðalatriðið er að búið er að staðfesta viðurkenningu á aukaverki sem erfitt er að neita eftir á eins og allt of oft vill brenna við. Ég hef sjálfur notað þessi eyðublöð og get fullyrt að hugmyndin er snilld og löngu tímabær en það sem meira er, eftirlitsmenn eru mjög hrifnir af framtakinu.

Þorsteinn V. Sigurðsson, málarameistari

Verkefnastaða Ístaks aldrei verið betri

Ístak hf. er með fleiri járn í eldinum en nokkru sinni fyrr um þessar mundir. Að sögn Lofts Árnasonar, sem nýlega tók við starfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins, er mjög bjart framundan í verktakabransanum, a.m.k. á meðan verkefni á Austurlandi standa yfir. „Við sjáum óvenjulangt fram á veginn varðandi verkefni. Það á eftir að bjóða út mörg verk bæði í sambandi við Kárahnjúkavirkjun og álverið og svo er verið að tala um framkvæmdir fyrir Norðurál svo að við getum verið bjartsýnir. Ef við fáum þau verk þar sem Ístak hefur verið lægstbjóðandi eru væntanlegir samningar um 13 milljarða króna virði framundan að meðtöldu verkefni sem við erum að vinna í Noregi,“ segir Loftur.

Verkefni um land allt

„Við höfum verið með framkvæmdir um land allt að undanförunu, erum að ljúka vegagerð á Tjörneshöfði og Mývatnsheiði og lukum hafnargerð á Húsavík um áramótin. Nýlega fengum við verkefni við Fáskrúðsfjarðargöng og erum komnir alls um 500 metra inn í fjallið. Við erum líka nýbyrjaðir



Loftur Árnason

að vinna við stórt og mikið íþróttamannvirki í Laugardal á vegum Laugahúss og Reykjavíkurborgar,“ segir Loftur.

Eftir mánuð ljúkum við stóru verkefni við Lækjarskóla í Hafnarfirði sem er einkaframkvæmd en fyrsta áfanga þess verks lauk í fyrrahaust og er kominn í notkun. Ístak vinnur líka við gatnagerð á þeim

slóðum sem er fólgin í að færa Reykjanesbraut upp fyrir kirkjugarðinn og loks erum við að vinna við dýpkun Reykjavíkurhafnar.“

Ekkert lát á verkefnum fyrir varnarliðið

Ekki er enn að sjá að mikið fararsnið sé á varnarliðinu því að Ístak er einnig að vinna að verkefnum á Keflavíkflugvelli. „Við verðum ekki varir við neinn samdrátt í verkefnum á vellinum enn sem komið er. Herinn býður flestar framkvæmdir út og allt er með sama hætti og verið hefur. Við erum að byggja nýja vopnageymslu og höfum sinnt ýmsum öðrum verkefnum sem til falla á vellinum rétt eins og í öðrum bæjarfélögum.“

Ístak og ÍAV snúa bökum saman

Það hefði einhvern tíma þótt tíðindum sæta að Ístak og Íslenskir aðalvertakar, stærstu verktakafyrirtæki landsins, tækju höndum saman um að bjóða í stórverkefni en sú varð raunin þegar þau buðu sameiginlega, ásamt erlendu fyrirtæki, í verkefni sem tengist Kárahnjúkavirkjun. „Þetta er í fyrsta sinn sem Ístak og ÍAV bjóða saman í verk. Þegar Ítalirnir hreptu stóra verkefnið við Kárahnjúka ákváðu Ístak og ÍAV að láta á reyna hvort þau gætu náð verkefninu sameiginlega. Það er mjög jákvætt að sameinast í samkeppni við erlenda aðila,“ segir Loftur.

Stórverkefni erlendis

Ístak er enn fremur að vinna við stór verkefni erlendis. „Núna vinnum við ásamt öðrum að mjög stóru verkefni í Hammerfest í Norður-Noregi á vegum Statoil en það er alls um 20 milljarða króna verkefni en fjórðungur af því fellur í okkar hlut. Þar eru um 40 starfsmenn á okkar vegum, einkum verkstjórar og tæknimenn. Þar sinnum við sprengingum og vinnum við gerð grjótgarðs og hafnar. Við höfum nýlega fengið stórt viðbótarverkefni sem tengist steypuvinnu.“ segir Loftur.

Hann segir að ekki sé beint stefnt að útrás erlendis en aðaleigandi

Glæsilegar nýjar höfuðstöðvar Ístaks við Engjateig
(Ijós. Hreinn Magnússon)



Ístaks, danska verktakafyrirtækið Phil & Søn, vinnur að verkefnum út um allan heim og Ístak tekur þátt í þeim þegar þörf krefur. „Margir starfsmenn okkar hafa hins vegar verið sendir héðan til að vinna ýms verkefni víða um heim og nú er flokkur manna að gera við flugvöllinn í Kulusuk og við virkjunarframkvæmdir í Tasiilak í Grænlandi, svo að nokkuð sé nefnt.“


Hörð samkeppni innanlands

Loftur segir samkeppnina innanlands mjög harða. „Starfsumhverfi verktaka er mjög erfitt. Það eru óeðlilega margir aðilar sem spretta upp á markaðnum og eru tilbúnir að vinna í fáein ár og fórna sér,“ segir Loftur. „Stuttur lífaldur verktakafyrirtækja er besti vitnisburðurinn um ástandið á markaðnum. Við furðum okkur mjög á því hve oft opinberir aðilar taka tilboðum verktaka sem augljóslega hafa enga burði til að vinna viðkomandi verk. Ef það er eitthvað sem ég vildi gjarna að SI beittu sér fyrir að verði lagfært þá eru það útboðsmálin. Verksamningar þurfa að beinast meira að traustum fyrirtækjum sem eru bæði fjárhagslega og tæknilega fær um að taka að sér verkframkvæmdir. Það þarf að koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem standa á brauðfótum í þessu efni, geti gengið inn í greinina aðeins með því að fá fyrirgreiðslu hjá kauplegufyrirtækjum. Ég held að það yrði affarasælast fyrir verkkaupa að geta leitað til nokkurra sterkra innlendra fyrirtækja til að samkeppnin sé í lagi og líka til að fyrirtækin hafi burði til að keppa við öflug erlend verktakafyrirtæki um verkefni innanlands,“ segir Loftur. „Þannig yrði starfsumhverfið heilbrigðara og virðing og hæfni verktaka ykist.“

Laugavegur 182



Hvalfjarðargöngin



Kröfum opinberra verkkaupa ekki fylgt eftir

Loftur hefur ekki mikla trú á að ástandið batni. „Ég er búinn að vera í þessum bransa í 30 ár og enn eru menn að tala um það sama í þessu efni og fyrir 30 árum án þess að nokkuð hafi breyst til batnaðar. Ég trúi ekki fyrr en ég tek á því að neitt breytist hvað þetta varðar,“ segir Loftur. „Ég vona þó að kröfum opinberra verkkaupa um gæðakerfi eigi eftir að breyta einhverju til batnaðar. Opinberir aðilar hafa haft fullan hug á að komast hjá að velja gjaldþrota og veikburða verktaka en einhvern veginn hefur þá vantað verkfærin,“ segir Loftur.

Útboðsgögnum oft ábótavant

Loftur segir að útboðsgögnum sé oft ábótavant. Verktakar séu yfirleitt veikburða gagnvart mjög stórum verkkaupum sem ósjálfrátt noti vald stærðarinnar en litlu verktakarnir þori ekkert að segja. Tilhneigingin sé sú að leggja áhættu og

ábyrgð á verktaka og ætlast til að þeir taki á sig ýmislegt, s.s. verðhækkningar og fleira sem þeir hafa enga möguleika á að meta. „Nóg er áhættan samt í verkinu sjálfu þótt þeir þurfi ekki að taka áhættu vegna þess sem engan veginn er hægt að sjá fyrir. Vegagerðin greiðir t.d. ekki verðbætur á verk sem eru unnin á styttri tíma en tveimur árum.

Gengissveiflunnar fyrir rúmum tveimur árum höfðu afgerandi áhrif á nokkra verktaka eins og nærri má geta þegar gengið fellur um 20% og menn eru að flytja inn vörur sem verða allt í einu 20% dýrari en áætlað var í upphafi. Best væri að gengið væri stöðugt til að fyrirtækin gætu lagað sig að því.

Mikilvægt er að verkkaupar verðbæti samninga ef verk standa sex mánuði eða lengur. Þegar þau taka meira en ár er fráleitt að ætlast til að verktakar spái fyrir um verðþróun þegar Seðlabankinn og aðrir slíkir geta ekki einu sinni spáð í hana svo vel sé,“ segir Loftur.

Ístak aldrei verið sterkara

„Nú eru liðin 33 ár síðan Ístak var stofnað en það þykir hár aldur miðað við íslensk verktakafyrirtæki og hefur aldrei staðið sterkara en nú,“ segir Loftur. „Danska byggingafyrirtækið Phil & Søn stofnaði Ístak ásamt nokkrum einstaklingum sem höfðu unnið að framkvæmdum við Búrfellsvirkjun á sínum tíma og á nú 96% í fyrirtækinu. Eigandi Phil & Søn, Sören Langvad, er íslenskur í móðurætt og gekk í menntaskóla og tók stúdentspróf hér á landi og fyrrihlutapróf í verkfræði hér á landi. Hann settist að í Danmörku en hefur komið að mörgum stórfamkvæmdum hér á landi. Samstarf Phil & Søn og Ístaks hefur alltaf verið náð og margir Íslendingar hafa unnið fyrir Phil & Søn erlendis svo að segja má að það sé hálfíslenskt,“ segir Loftur að lokum.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Fundur stjórnar SI með ráðgjafaráði og stjórnunum aðildarfélag

Samstillt stjórn efnahagsmála mikilvægust

Stjórn Samtaka iðnaðarins boðaði til fundar með ráðgjafaráði, formönnum og stjórnunum aðildarfélag SI í júní en slíkir fundir eru haldnir a.m.k. tvisvar á ári. Þeir þykja jafnan takast vel og styrkja mjög innra starf Samtakanna. Fundinn sóttu um 60 manns að þessu sinni. Þar var einkum fjallað um ástand og horfur í iðnaði og stefnu og helstu verkefni stjórnar SI. Valgerður Sverrisdóttir, sem var sérstakur gestur fundarins, skýrði frá helstu verkefnum og þingmálum sem snerta iðnaðinn.

Stöðugleiki mikilvægur

Vilmundur Józefsson, formaður stjórnar SI, gerði grein fyrir nokkrum þeim málum sem eru efst á verkefnalista SI. Hann sagði að eitt fyrsta verk nýkjörinnar stjórnar væri að raða helstu verkefnum á komandi starfsári í forgangsörð og kynna félagsmönnum listann. Hann sagaði m.a. frá viðhorfskönnun sem gerð var fyrir Samtök iðnaðarins meðal félagsmanna en þar kemur fram að 85% eru sátt við málflutning SI og 81% við þjónustuna. Vilmundur sagði að Samtökin ynnu markvisst að því að bæta þjónustuna og innra starf Samtakanna með uppbyggingu gæðakerfis sem yrði kynnt í haust.

Vilmundur sagði að Samtökin teldu brýnt að Ísland verði fullgildur aðili á Evrópumarkaðnum og þar væri mikilvægast að taka upp evruna til þess að tryggja stöðugleika og sambærileg vaxtakjör á við það sem tíðkast í samkeppnislöndum. Málflutningur SI hefði verið í samræmi við þetta og segja mætti að SI hefðu skapað sér allmikla sérstöðu í þessum efnunum meðal atvinnurekenda og fyrir bragðið orðið fyrir barðinu á óvæginni gagnrýni andstæðinga aðildar að ESB.

Vilmundur gat þess jafnframt að síðasti áratugur hefði verið lengsta tímabil stöðugleika í sögu íslenska lýðveldisins og að iðnaður og aðrar samkeppnisgreinar hefðu stóraukið hlutdeild sína í landsframleiðslunni en stöðugleikinn væri það sem iðnaðurinn vildi umfram allt annað. Verðbólgu hefði verið haldið niðri með háum vöxtum en gengi krónunnar væri ekki í neinu jafnvægi. Hann lagði jafnframt áherslu á að vanda, sem skapaðist af miklu innstreymi fjármagns vegna væntanlegra framkvæmda við virkjanir, mætti ekki leysa með sértækum aðgerðum heldur með almennum efnahagsaðgerðum því þyrfti samstillta efnahagsstjórn til að komast klakklaut frá þeim umbrotatímum sem framundan væru.

Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Staða og horfur í iðnaði

Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI, fjallaði um niðurstöður könnunar sem SI gerðu meðal 85 meðalstórra og stórra fyrirtækja innan sinna raða um stöðu og horfur í íslenskum iðnaði og niðurstöðurnar væru í samræmi aðrar upplýsingar um þróun efnahagslífsins. Sjá nánar á forsiðu.

Brýnustu verkefni stjórnar og ráðgjafaráðs SI

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður þjónustu- og þróunarsviðs SI, kynnti þau verkefni sem stjórn, ráðgjafaráð og stjórnir aðildarfélag Samtakann töldu að ættu að vera efst á baugi í starfi SI á næstunni. Skilgreind voru 20 verkefni sem raðað var í forgangsörð eftir mikilvægi þeirra og áhrifum á væntanlegan árangur og starfsskil yrði í iðnaði. Þau fimm verkefni, sem hópnum þótti brýnast að leggja áherslu á, voru:

Að stuðla að samræmdri efnahagsstjórn næstu fjögur ár.

Að Samtökin verði öflugur þrýstihópur um góð starfsskilyrði.

Að verkmenntun verði eflað í framhaldsskólum.

Að teknað verði upp aðildarviðræður við ESB og stefnt að upptöku evrunnar.

Að eftt verði nýsköpunar- og þróunarstarf sem nú býr við fjársvelt.

Sjá nánar í júlíblaði Íslensks iðnaðar eða vefsetri SI www.si.is

SI og iðnaðarráðuneytið eiga samleið í flestum málum

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra sagði áhugavert að fá að kynnast áherslum í starfi Samtakanna og sagði að ráðuneytið og Samtökin ættu samleið í flestum ef ekki öllum málum en ekki síst varðandi nýsköpun, atvinnuþróun og eflingu menntunar.

Valgerður sagði m.a. að Samtök iðnaðarins hefðu oft ítrekað þörfina fyrir samræmdar almennar reglur um opinber innkaup og því væri ánægjulegt að segja frá því að margvíslegar úrbætur hefðu náðst fram á þessu sviði að undanförunu. Ágætt samstarf hefði tekist milli SI og flestra þeirra opinberu aðila sem standa fyrir opinberum innkaupum á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum.

Valgerður sagði að lögð yrði áhersla á að ljúka verkefnum sem grunnur hefði verið lagður að á síðasta kjörtímabili en einnig mótuð stefna fyrir næstu fjögur ár og gert væri ráð fyrir að í þingbyrjun lægju fyrir fyrstu tillögur stefnumótunar Vísinda- og tækniráðs. Hún sagðist vona að á næsta ári tæki til starfa nýr sjóður, Tæknipróunarsjóður, sem ætlað væri að brúa bilið milli Rannsóknasjóðs framtaksfjárfesta og þeirra sem vilja leggja fé í nýsköpunarverkefni.

Valgerður vék einnig að nýjum raforkulögum en samkvæmt þeim mun raforka lúta almennum lögmálum markaðarins en flutningur og dreifing orku verða háð sérleyfum og opinberu eftirliti sem verður í höndum Orkustofnunar. Þá gat hún um nokkur lagafrumvörp og reglugerðir sem varða iðnaðinn og verða lögð fram á næsta þingi.

Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Þóra Kristín Jónsdóttir

Endurmenntunarnámskeið Hár ehf.

Námskeiðin hefjast mánudaginn 1. september nk. og eru öllum opin. Allt áhugafólk um hárgreiðslu er hvatt til að taka þátt í þeim.

Á þessari önn verða Tíska/Fræðsla/Fagmennska höfð í fyrirúmi. Allt eru þetta atriði sem auka faglega færni hárgreiðslufólks. Nánari upplýsingar um um námskeiðin er að finna á vefsetri okkar www.har.is. Skráning er hafin í síma 568 8305 og har@har.is

Er innra gæðaeftirliti verktaka ábótavant?

Hugtakið gæðastjórnun þýðir einfaldlega „góð stjórnun.“ Hluti af góðri stjórnun er að hafa eftirlit með gæðum vörunnar og tryggja að aðstæður við framleiðslu hennar séu réttar. Til þess að það sé mögulegt þarf að gera kröfur og skilgreina gæði hráefnis, aðstæðna og vinnubragða. Að öðrum kosti er ekki hægt að staðfesta og tryggja að viðkomandi atriði séu innan leyfilegra marka.

Hvað má steypa við lágt hitastig? Hvert á rakastig steinveggja að vera fyrir málun? Hver mikill viðarraki má vera í timburverki sem á að mála? Hver má hallinn vera á uppsteypnum vegg? Hvert á sigmál steypu vera? Hvað eiga gluggar og hurðir að standast mikið veðurálag? Hver á steypuraki í gólfi vera þegar gólfefni er lagt? Hver á viðarraki í parketi að vera þegar það er lagt? Hver á loftraki að vera þegar hinir ýmsu verkþættir eru unnir svona mætti áfram spyrja.

Kröfur og leyfileg frávik

Það er útilokað að fullyrða að ekki hafi verið farið að kröfum ef kröfur og leyfileg frávik hafa ekki verið skilgreind. Á hverjum degi koma í ljós gallar í byggingum og öðrum mannvirkjum. Gluggar leka, parket gliðnar, málning flagnar, mött málning á þökum mattast, múrhúð fellur af, slælegur viðskilnaður verktaka og fleira.

Flest, sem aflaga fer með þessum hætti, hefði mátt koma í veg fyrir með betur skilgreindum kröfum og eigin innra eftirliti til að fylgja þeim eftir. Iðnmeistari, sem er vandur að virðingu sinni, á að gera sínar eigin lágmarkskröfur varðandi gæði hráefnis, aðstæðna og verklags sinna manna og fylgja þeim eftir með markvissum hætti.

Lista þarf upp þau atriði og atvik þar sem mistök við val á hráefni, aðstæðum og vinnubrögðum koma niður á gæðum vörunnar. Það þarf að skilgreina kröfur með leyfilegum frávikum. Það þarf að lýsa nauðsynlegum aðferðum til að ná tilætluðum árangri og hvaða aðstæður þurfa að vera fyrir hendi.

Eftirlitsáætlun

Útbúa þarf eftirlitsáætlun þar sem fram kemur með hvaða verkþáttum á að hafa eftirlit, hversu oft það á að fara fram og hversu ítarlegt það á að vera. Það þurfa að

vera til eyðublöð til að skrá niðurstöður eftirlitsins og viðbrögð verktakans ef mistök eða gallar uppgötvast.

Hlutverk birgja og undirverktaka

Birgjar og undirverktakar eiga að útvega upplýsingar sem sýna að gæði vörunnar sem þeir útvega, liggi innan þeirra marka sem skilgreind hafa verið í gæðakröfum verkkaupans, iðnmeistarans eða í opinberum reglugerðum. Framleiðendur glugga og hurða eiga t.d. að leggja fram vottun um að varan standist kröfur byggingareglugerðar, steypustöðvar eiga að leggja fram vottorð um rétt efnisinnihald steypunnar og parketsalinn að leggja fram vottorð um viðarraka parketsins.

Ágætt dæmi

Á síðum dagblaðanna ekki alls fyrir löngu birtist dæmi um mistök sem hugsanlega hefði mátt hefði koma í veg fyrir með faglega skilgreindum kröfum og markvissu innra gæðaeftirliti. Í umræddu tilviki komu upp rakaskemmdir í parketi u.þ.b. þrem mánuðum eftir að það var lagt. Innra eftirlit, þar sem kröfur um viðarraka í parketinu og steinraka á gólfinu eru skilgreindar og mældar fyrir niðurlögn gólfefnisins, hefði átt að sýna fram á að aðstæður eða ástand hráefnis var ekki inna faglegra marka.

Afkastagetan fram úr eðlisfræðinni

Augljóst er að með hinum mikla hraða, sem einkennir margar framkvæmdir um þessar mundir, er oft á tíðum farið of geyst þannig að eðlisfræðilegar aðstæður ná ekki að skapast til að hægt sé vinna verkið með faglegum hætti. Dæmi: Múr er ekki orðinn nægilega þurr þegar yfirborðsefni eru sett á. Rakinn í múrnunum getur skemmt yfirborðsefnið hvort sem er á veggjum, gólfum eða loftum. Það getur leitt til þess að viðloðun verður lítil og formbreytingar efnisins, vegna þenslu og rýrnunar, leiða til skemmda þegar rakinn hverfur. Það sama á við þegar rakastig hráefnis er ekki í samræmi við loftraka eða ef hráefni með réttu rakastigi er notað þar sem loftraki er að jafnaði meiri á byggingartímanum en hann verður þegar byggingin er tekin í notkun.

Það sama á við hjá öllum

Það sama á við hvort heldur er hjá jarðvinnuverktökum varðandi frostfrítt efni, rétta kornastærð eða nægilega þjappað



undirlag eða hjá húsgagnaframleiðendum um rétta blöndun og notkun á lími, lakki eða við afhendingu vöru svo að nokkuð sé nefnt.

Það er mikils virði að uppgötva mistök sem fyrst. Kostnaður við mistök verður því meiri því síðar sem þau uppgötvast. Ef rétt er að málum staðið þarf gott innra eftirlit ekki að vera viðamikil eða tímafrekt til að koma í veg fyrir mikið tjón. Í þeim gögnum, sem SI leggja fyrirtækjum til sem taka þátt í gæðastjórnunarverkefnum SI, er lögð rík áhersla á einfalt og markvissu innra gæðaeftirlit, bæði við framleiðslu og stjórnun.

Kostnaður við mistök dregst alfarið frá væntanlegum hagnaði fyrirtækisins og rýrir því afkomu þess og samkeppnishæfni. Það er því bæði hagur framleiðenda og kaupenda að kom í veg fyrir mistök með vel skipulögðu gæðaeftirliti.

Eftirfylgni verkkaupa

Verkkaupar hafa smám saman hert kröfur um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir. Þó er ekki nóg að verktakar leggi fram gögn um gæðastjórnun í upphafi verks ef eftirlit verkkaupa til eftirlits og eftirfylgni um efndir er ekki fyrir hendi. Verkkaupar þurfa að setja fram kröfur um gæði og leyfileg frávik og meta síðan eftirlitsáætlanir verktakans með hliðsjón af kröfunum og fyrri reynslu af sambærilegum verkum. Það að skila góðu, arðbæru verki verður ekki gert nema með samvinnu þeirra sem að verkinu koma og að allir leggist á eitt við að koma í veg fyrir óvönduð vinnubrögð með því að skilgreina gæðin og staðfesta árangurinn með innra eftirliti.

Ferdinand Hansen

Evrópusamtökin opna vefsetrið evropa.is

Evrópusamtökin opnuðu vefsetur sitt, www.evropa.is, á formlegan hátt í júní sl. en það var Jónas Kristjánsson ritstjóri sem opnaði setrið. Jónas hélt síðan fyrirlestur um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða en þar sagðist hann m.a. telja að þegar Norðmenn ákvæðu að ganga í Evrópusambandi myndu Íslendingar fylgja í kjölfarið.

Í ræðu Andrésar Péturssonar formanns Evrópusamtakanna kom fram að löngu hefði verið orðið tímabært að finna Evrópusinum á Íslandi verðugan vettvang þar sem hægt væri að nálgast fréttir og greinar ásamt öðrum ítarlegum upplýsingum um Evrópumál.

Evrópusamtökin voru stofnuð í maí árið

1995. Þau eru þverpólítískur vettvangur áhugamanna um Evrópusamvinnu sem vilja stuðla að upplýstum og fordómalausum umræðum á Íslandi um samstarf Evrópuríkja auk þess að vinna að því að Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu.

Helstu markmið Evrópusamtakanna eru:

að stuðla að skipulegri samvinnu þjóða Evrópu á lýðræðislegum grundvelli í því skyni að standa vörð um frið, frelsi og mannréttindi og auka gagnkvæman skilning og menningarleg samskipti að starfa að virkri þátttöku Íslands í samstarfi Evrópuríkja. Vinna að því að breikka og dýpka samstarfið með endurbótum á EES samningi og vinna

að því að Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu
að útbreiða upplýsingar og þekkingu um evrópskt samstarf, jafnt um þau samstarfsform sem nú eru við lýði og framtíðarmöguleika í samvinnu Evrópuríkja
að láta fara fram athuganir og rannsóknir á málum, sem tengjast evrópskri samvinnu
að starfa með öðrum íslenskum og evrópskum samtökum og stofnunum, sem hafa skylda starfsemi með höndum

Evrópusamtökin vona að vefsetrið geti aukið skilning hins almenna borgara á þessum málum.

Haraldur Dean Nelson



60 ára afmælisýning FMSF

Félag meistara og sveina í fataíð verður 60 ára 2. september næstkomandi. Til að fagna afmælinu stendur félagið fyrir glæsilegri sýningu í miðrými Kjarvalsstaða í Reykjavík afmælishelgina, frá 30. ágúst til 2. september.

Félagsmenn og aðildarfyrirtæki SI eru sérstaklega boðin velkomin á sýninguna og er aðgangur ókeypis. Tæplega tuttugu félagsmenn FMSF munu sýna verk sín, m.a. sérsaumaða brúðarkjóla, herrafratnað, síðkjóla og önnur skartklæði frá allra síðustu árum en einnig hversdagsfatnað. Að auki verða sýnd verk frá fyrri árum sem gefa til kynna tískustrauma og handbragð síðustu áratuga. Einnig verður brugðið upp mynd af þróun tækjabúnaðar á þessu sviði en tæknibyltingin hefur haft áhrif á klæðskurð og fataíð eins og aðrar greinar. Til að mynda eru saumastofur dagsins í dag hljóðlátir vinnustaðir ólíkt því sem áður var.

Tvær saumastofur í Reykjavík, Organza og snúðar að Laugavegi 71 og Hnappurinn að Njálsgötu 11 tóku þátt í Menningarnótt í Reykjavík 16. ágúst, höfðu opið hús og kynntu vegfarendum starfsemi sína og þótti vel til takast. Myndin var tekin í Hnappnum þann dag.

Brúðarkjólarnir á myndinni eru eftir Gerði Bjarnadóttur klæðskerameistara eiganda Saumastofunnar Hnappsins

Ráðstefna um endurvinnsluþætti á Íslandi og kröfur um endurnýtingu umbúðaúrgangs

Ráðstefnan verður haldin dagana 27. og 28. ágúst næstkomandi á Hótel Selfossi. Hún er haldin í boði ITUT (Association for the Promotion of International Environmental Technology Transfer) en er haldin í samráði við Umhverfisráðuneytið, Samtök iðnaðarins, FENÚR og Úrvinnslusjóð.

Dagskrá ráðstefnunnar má nálgast á pdf-sniði á vefsetri Samtaka iðnaðarins www.si.is. Skráning er hafin og fer fram á vefsetri umhverfisráðuneytisins, www.umhverfisraduneyti.is

Ferðir hafa verið skipulagðar til og frá Selfossi frá Umferðamiðstöðinni báða dagana í tengslum við ráðstefnuna. Brottför frá Reykjavík kl. 08.00 og í lok ráðstefnunnar frá Selfossi.

